



## KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ  
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 9. mars 2012

### Breytingar á reglugerðum KSÍ

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 8. mars breytingar á reglugerðum KSÍ.

#### ***Breytingar á reglugerð KSÍ um aga – og úrskurðarmál***

##### ***Núgildandi ákvæði 6.2.***

6.2. Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina til aga- og úrskurðarnefndar innan sólarhrings frá því að leik lýkur. Viðkomandi skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur honum. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.

##### ***Nýtt ákvæði 6.2.***

6.2. Leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs sem fær brottvísun, **eða sem dómari gerir skriflegar athugasemdir við**, hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina/ athugasemdina til aga- og úrskurðarnefndar til hádegis þess dags sem næsti reglulegi fundur nefndarinnar fer fram. Viðkomandi skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur honum. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.

***Greinargerð: Með ofangreindri breytingu er leikmönnum /þjálfurum/forráðamönnum /félögum gert auðveldara að nálgast atvikaskýrslu dómara.***

### ***Núgildandi ákvæði 13.1.1.***

13.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:  
4 áminningar –bann í 1 leik  
6 áminningar –bann í 1 leik  
8 áminningar –bann í 2 leiki  
10 áminningar –bann í 2 leiki  
Hver áminning eftir það - bann í 2 leiki

### ***Nýtt ákvæði 13.1.1.***

13.1.1. *Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:*  
***4 áminningar –bann í 1 leik***  
***7 áminningar – bann í 1 leik***  
***10 áminningar – bann í 1 leik***  
***Þriðja hver áminning eftir það bann í 1 leik***

***Greinargerð: Með breytingunni er komið til móts við þá staðreynd að leikjum hefur fjölgað. Reglan er sú að fyrsta leikbann er áfram eftir 4 áminningar en síðan 1 leiks bann eftir hverjar 3 áminningar til viðbótar. Leikbann í 2 leiki vegna áminninga er aflagt. Annað leikbann komi eftir 7 áminningar í stað 6 áður og þriðja leikbannið eftir 10 áminningar í stað 8 áður (og þá í 2 leiki)***

### **Breytingarnar taka þegar gildi.**

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.  
Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson  
framkvæmdastjóri KSÍ